

# **Borholur í Eyrarhreppi (4802) og Ísafjarðarbæ (4000)**



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2013/034

Nóvember 2013

## Inngangur

Í þessari greinargerð eru upplýsingar um staðsetningu og ljósmyndir af borholum í Eyrarhreppi hinum forna og Ísafjarðarbæ að frátöldum kaldavatnsholum og mannvirkjaholum. Hér er fjallað um holur í tveimur seríum, TD- og OV-holur. Heildarfjöldi borholna sem lýst er hér er 33 talsins. Í reynd eru aðeins tvær holur sem eru innan markar Ísafjarðarbæjar eins og þau voru fyrir sameiningu (OV-06 og OV-07) aðrar eru í Eyrarhreppi hinum forna. Í 1. töflu eru upplýsingar um borholurnar og á 1., 2. og 3. mynd eru sýndar staðsetningar þeirra. Í töflunni eru þær holur sem eru horfnar merktar með \*. Þar fyrir utan eru fjöldinn allur af eldri og yngri holum, 46 talsins, sem erfitt hefur reynst að elta uppi m.a. margar mannvirkjaholur - þessar holur eru listaðar upp í 2. töflu. Allar þær holur eru í landi Eyrarhrepps og hnit eru til af öllum holum sem tengjast jarðgangagerð á svæðinu (staðsetningar eru á myndum 4 til 9). Þær hafa heiti sem byrja á ÓL og ÓK. BR holurnar tvær eru í háfjallinu austur af Kinninni og voru boraðar þegar verið var að ráðgera göng gegnum efsta hluta Breiðadalsheiðar fyrir margt löngu. ÞF holurnar eru skautholur austan í Þverfjalli norðan við Breiðadalsheiði. NS-holurnar eru við og neðan við stífluna við Nónhornsvatn. Að sögn eins heimildarmanns var boruð ein hola einhvern tíma á árunum 1958 til 1962 við skíðaskálann á Seljalandsdal. Engar heimildir eru um þessa holu og hennar er ekki getið í borholuskrá Orkustofnunar.

*Söguleg athugasemd.* Fram yfir aldamótin 1900 voru aðeins tvær jarðir á því svæði sem nú er nefnt "inn í firði". Þær voru Tunga og Hafrafell. Merkin milli þeirra voru um Úlfsá. Þegar kom fram á tuttugustu öldina var fjöldi smábýla skipt út úr þeim. Hér er tekin sú stefna að setja holurnar allar á þessi gömlu býli og því eru allar holurnar á þessu svæði settar á Tungu. Sama var gert í Hnífsdal. Þar hafði Neðri-Hnífsdal verið skipt í mörg smábýli. Hér eru borholurnar settar á Neðri-Hnífsdal en ekki Hraun, Hæribæ eða Búð. Seljaland var lítið en gamalt lögbýli sem taldist til Eyrarhrepps. Ísafjarðarkaupstaður byggðist í landi Eyrar (Skutulsfjarðareyrar).

1. tafla. Upplýsingar um borholur í Eyrarhreppi hinu forna og Ísafjarðarbæ.

Staðarnúmer	Borhola	Lögbýli	Dýpi	Borár	N-hnit	V-hnit
34971	TD-01	Tunga	111 m	1963 & 1964	?	?
34972	TD-02	Tunga	1110 m	1975/76 & 1977	66° 03.675	23° 11.274
34973	TD-03	Tunga	985 m	1977	66° 03.638	23° 11.740
34974	TD-04	Tunga	1256 m	1999	66° 03.709	23° 11.014
34975	TD-05	Tunga	1618 m	2008	66° 03.722	23° 11.200
35001	OV-01	Fossar	101,5 m	1997	66° 00.971	23° 10.976

35002	OV-02	Fossar	101,5 m	1997	66° 01.506	23° 10.112
35003	OV-03	Tunga	131,5 m	1997	66° 02.421	23° 12.709
35004	OV-04*	Tunga	101,5 m	1997	66° 03.163	23° 11.613
35005	OV-05	Tunga	133 m	1997	66° 03.371	23° 13.214
35006	OV-06	Eyri	131,5 m	1997	66° 04.206	23° 08.950
35007	OV-07*	Eyri	104 m	1997	66° 04.842	23° 07.413
35008	OV-08	Tunga	101,5 m	1997	66° 03.382	23° 13.943
35009	OV-09	Tunga	138 m	1997	66° 03.484	23° 13.049
35010	OV-10	Fremri- Hnífsdalur	101,5 m	1997	66° 06.161	23° 09.440
35011	OV-11	Fremri- Hnífsdalur	141 m	1997	66° 05.717	23° 12.445
35014	OV-14*	Neðri- Hnífsdalur	104 m	1997	66° 07.612	23 07.890
35015	OV-15	Tunga	144 m	1998	66° 03.361	23° 13.437
35016	OV-16	Tunga	213 m	1998	66° 03.387	23° 13.293
35017	OV-17	Tunga	117 m	1998	66° 03.712	23° 10.958
35018	OV-18	Tunga	117 m	1998	66° 03.725	23° 10.863
35019	OV-19	Tunga	129 m	1998	66° 03.701	23° 11.045
35020	OV-20*	Tunga	150 m	1998	66° 03.708	23° 11.016
35021	OV-21	Tunga	102 m	1998	66° 03.783	23° 11.065
35022	OV-22*	Tunga	102 m	1998	66° 03.717	23° 11.218
35023	OV-23	Tunga	102 m	1998	66° 03.761	23° 11.171
35024	OV-24	Tunga	102 m	1998	66° 03.682	23° 10.581
35025	OV-25*	Tunga	135,5	1998	66° 03.631	23° 10.578
35026	OV-26	Tunga	111 m	1998	66° 03.734	23° 10.549


35027	OV-27	Tunga	102 m	1998	66° 03.696	23° 10.821
35028	OV-28	Tunga	135 m	1998	66° 03.674	23° 10.913
35029	OV-29A	Tunga	12 m	1998	66° 03.644	23° 10.854
35030	OV-29B	Tunga	102 m	1998	66° 03.644	23° 10.854

2. tafla. Upplýsingar um borholur sem ekki er fjallað um í greinargerðinni.

Staðarnúmer	Borhola	Lögbýli	Dýpi	Borár	N-hnit	V-hnit
34931	NS-01	Efri-Engidalur	12	1963		
34932	NS-02	Efri-Engidalur	14,4	1963		
34933	NS-03	Efri-Engidalur	15	1963		
39151	ÞF-01	Tunga	15,2	1991		
39152	ÞF-02	Tunga	15,2	1991		
34951	SE-01	Kirkjuból	19	1969		
34961	SD-01	Tunga	14	1969		
34962	SD-02	Tunga	21	1969		
34963	SD-03	Tunga	10	1969		
34941	SL-01	Seljaland	119,2	1963		
39132	BR-02	Tunga	400	1989	66° 03.275	23° 16.649
39138	BR-08	Tunga	100	1990	66° 03.383	23° 14.182
39139	BR-09	Tunga	98,8	1990	66° 03.364	23° 14.147
35304	ÓK-04	Neðri-Hnífsdalur	240,8	2006	66° 08.074	23° 08.565
35305	ÓK-05	Neðri-Hnífsdalur	37,6		66° 07.842	23° 08.200
35311	ÓK-11	Neðri-Hnífsdalur	282,6		66° 06.399	23° 09.741
35312	ÓK-12	Neðri-Hnífsdalur	24,2		66° 06.375	23° 09.668
35313	ÓK-13	Fremri-Hnífsdalur	34,7		66° 06.345	23° 09.861


35314	ÓK-14	Neðri-Hnífsdalur	231,6	2007	66° 07.166	23° 07.379
35315	ÓK-15	Fremri-Hnífsdalur	38,7		66° 05.989	23° 10.380
35320	ÓL-01A	Neðri-Hnífsdalur	12		66° 07.842	23° 08.200
35321	ÓL-01B	Neðri-Hnífsdalur	15		66° 07.842	23° 08.200
35322	ÓL-02	Neðri-Hnífsdalur	6		66° 07.611	23° 07.894
35333	ÓL-13	Fremri-Hnífsdalur	10		66° 06.323	23° 09.959
35334	ÓL-14	Fremri-Hnífsdalur	10		66° 06.333	23° 09.911
35335	ÓL-15	Fremri-Hnífsdalur	9		66° 06.348	23° 09.814
35336	ÓL-16	Fremri-Hnífsdalur	9		66° 06.316	23° 09.781
35337	ÓL-17	Neðri-Hnífsdalur	11		66° 06.389	23° 09.626
35338	ÓL-18	Neðri-Hnífsdalur	11		66° 06.375	23° 09.579
35339	ÓL-19	Neðri-Hnífsdalur	13		66° 06.665	23° 08.426
35340	ÓL-20	Neðri-Hnífsdalur	9		66° 06.649	23° 08.384
35401	ÓL-21	Neðri-Hnífsdalur	9	2006	66° 06.936	23° 07.415
35402	ÓL-22	Neðri-Hnífsdalur	7,5	2006	66° 06.939	23° 07.409
35403	ÓL-23	Neðri-Hnífsdalur	9,7	2006	66° 06.942	23° 07.403
35404	ÓL-24	Neðri-Hnífsdalur	10	2006	66° 06.945	23° 07.397
35405	ÓL-25	Neðri-Hnífsdalur	11	2006	66° 06.947	23° 07.391
35406	ÓL-26	Neðri-Hnífsdalur	16	2006	66° 06.950	23° 07.384

35407	ÓL-27	Neðri-Hnífsdalur	12,5	2006	66° 06.953	23° 07.378
35408	ÓL-28	Neðri-Hnífsdalur	12		66° 06.956	23° 07.372
35409	ÓL-29	Neðri-Hnífsdalur	12		66° 06.959	23° 07.366
35410	ÓL-30	Neðri-Hnífsdalur	9		66° 06.962	23° 07.360
35411	ÓL-31	Neðri-Hnífsdalur	9		66° 07.094	23° 07.289
35412	ÓL-32	Neðri-Hnífsdalur	9		66° 07.073	23° 07.295
35413	ÓL-33	Neðri-Hnífsdalur	9		66° 07.050	23° 07.303
34901	BH-01	Tunga	78,4	1966		
34902	BH-02	Tunga	49	1967		




1. mynd. Staðsetningar borholna á Ísafirði og í Eyrarhreppi hinum forna.





2. mynd. Staðsetning borholna á Dagverðardal og efri hluta Tungudals.




3. mynd. Staðsetning borholna í landi Tungu nærri Bræðratungu.




4. mynd. Staðsetning mannvirkjaholna á Breiðadalsheiði.




5. mynd. Staðsetning mannvirkjaholna vegna Bolungavíkurganga.




6. mynd. Staðsetning mannvirkjaholna á Óshlíð.



7. mynd. Staðsetning mannvirkjaholna á Óshlíð og við Skarfasker.



8. mynd. Staðsetning mannvirkjaholna við Hraun í Hnífsdal.



9. mynd. Staðsetning mannvirkjaholna neðan við Lambaskál í Hnífsdal.

### **TD-01 - Tunga**

Borhola TD-01 fannst ekki og eru upplýsingar um staðsetningu hennar misvísandi.

### **TD-02 - Tunga**

Borhola TD-02 er um 230 metra innan við Bræðratungu og 5-10 m neðan við Skógarbraut. Hún sést illa enda í lúpínubreiðu. Þó sést marka vel fyrir borteignum. Steinrör er utan um sjálfa holuna. Holan er með loki. Ástand hennar er þökkalegt (10. og 11. mynd).



*10. mynd. Borhola TD-02. Horft inn Tungudal.*



*11. mynd. Borhola TD-02.*



### **TD-03 - Tunga**

Borhola TD-03 er um 125 metrum innan við golfskálann og neðan Skógarbrautar. Holan er í miðjum borteig sem vel sést. Holan sjálf er að mestu horfin ofan í teiginn og ástand hennar er bágborið (12. mynd).



*12. mynd. Borhola TD-03. Horft inn Tungudal.*

## TD-04 - Tunga

Borhola TD-04 er beint ofan við húsin í Bræðratungu. Hún er þar milli Skógarbrautar og nýja vegarins inn í Tunguskóg. Holan er með loki. Ástand holunnar er þokkalegt en hún sést illa enda í lúpínuakri (13. mynd).



*13. mynd. Borhola TD-04. Horft út Tungudal.*

## TD-05 - Tunga

Borhola TD-05 er um 170 metra norðvestur af húsunum í Bræðratungu. Hún er ofan við nýja veginn inn í Tunguskóg. Þar er stór borteigur og er holan í honum miðjum. Holan er með loki. Holan er í góðu ástandi (14. mynd).



*14. mynd. Borhola TD-05. Ísafjarðarkaupstaður í baksýn.*

## OV-01 - Fossar

Borhola OV-01 er um 1000 metrum framan við rafstöðina á Fossum í Engidal. Holan er í um 150 metra hæð og er á gljúfurbarminum við Langá. Hún er með loki. Holan er í góðu ástandi (15. mynd).



*15. mynd. Borhola OV-01 á Fossum. Horft út Engidal og Langá er til vinstri.*

## OV-02 - Fossar

Borhola OV-02 er um 200 metra norðaustur af rafstöðinni á Fossum. Holan er undir neðsta klettahjallanum og skammt innan við Fossá. Holan er með loki. Hún er í góðu ástandi (16. mynd).



*16. mynd. Borhola OV-02 á Fossum í Engidal. Horft út Engidal og sést rétt glitta í Fossá utan við klapparfláann.*

### OV-03 - Tunga

Borhola OV-03 er nokkuð ofarlega á Dagverðardal. Hún er milli gamla vegarins um Breiðadalsheiði og Úlfsár. Holan er á bakka árinna. Holan er með loki. Hún er í góðu ástandi (17. mynd).



*17. mynd. Borhola OV-03 í Tungu. Úlfsá til hægri og horft út Dagverðardal.*

## OV-04 - Tunga

Borhola OV-04 var í mynni Dagverðardals. Hún var vestan Úlfsár en hún fannst ekki þrátt fyrir mikla leit. Hún hefur líklega eyðilagst við grjótnám á þessum slóðum. GPS-staðsetningin er við hliðið á grjótnáminu (18. mynd).



*18. mynd. Borhola OV-04 var í mynni Dagverðardals og var líklega þar sem nú er grjótnáma.*

## OV-05 - Tunga

Borhola OV-05 er skammt austur af húsi sem nefnist Valhöll og er ofan til á Tungudal. Holan er þar á árbakka Tunguár. Holan er opin en að öðru leyti í sæmilegu ástandi (19. mynd).



*19. mynd. Borhola OV-05 í Tungu. Húsið í baksýn er Valhöll á Tungudal.*



## OV-06 - Eyri

Borhola OV-06 er á Stakkanesi skammt utan við Grænagarð. Holan er þar bak við byggingar undir brattri brekku og eru höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarðar rétt þar fyrir utan. Holan er með loki. Holan sést illa en er annars í góðu ástandi (20. mynd).



20. mynd. Borhola OV-06 á Stakkanesi á Ísafirði.

## OV-07 - Eyri

Borhola OV-07 var innst á Eyrarhlíð við Prestabugtina. Hún var þar í fjörunni en sést ekki lengur (21. mynd).



*21. mynd. Borhola OV-07 var í fjörunni nær á myndinni. Hún sést ekki lengur.*

## OV-08 - Tunga

Borhola OV-08 er við gangaskálann í botni Tungudals. Hún er norðan megin við skálann og er þar á mel og sést vel að. Holan er með loki og rör upp úr. Ástand holunnar er gott (22. mynd).



*22. mynd. Borhola OV-08 í Tungu. Í baksýn er skálinn við Breiðadalsgöngin í Tungudal.*

## OV-09 - Tunga

Borhola OV-09 er um 700 metra framan við Buná og um 200 metra norðaustur af Valhöll. Hún er um 90 metra frá Tunguá. Holan er í lyngmóa og sést ekki vel. Holan er með loki. Ástand holunnar er gott (23. mynd)



*23. mynd. Borhola OV-09 í Tungu. Horft út Tungudal. Tunguskógur til vinstri.*

## OV-10 - Fremri-Hnífsdalur

Borhola OV-10 er um 780 metra utan við bæinn í Fremri-Hnífsdal en um 1400 metra innan við þéttbýlið í Hnífsdal. Holan er í efri vegarbrún. Holan er með loki. Ástand holunnar er gott (24. mynd).



24. mynd. Borhola OV-10 í Fremri-Hnífsdal. Horft úr dalinn.

## OV-11 - Fremri-Hnífsdalur

Borhola OV-11 er innst í Hnífsdal. Þar eru stíflumannvirki vegna vatnstöku en holan er neðan við stífluna. Vegslóði liggur í lághlíðinni inn að stíflunni en hann er torfarinn. Holan er á suðurbakka Hnífsdalsár. Ekki er vitað um ástand hennar (25. mynd).



*25. mynd. Borhola OV-11 í Fremri-Hnífsdal er innst í dalnum og skammt neðan við stíflu sem þar er í ánni.*

## OV-14 - Neðri-Hnífsdalur

Borhola OV-14 var neðan við Seljadal og var hún ofan við veginn. Þar er nú malarnáma og holan finnst ekki lengur (26. og 27. mynd).



26. mynd. Borhola OV-14 í Seljadal. Holan mun hafa verið þar sem malarnámið er nú. Hún finnst ekki lengur.



27. mynd. Grönn borhola skammt innan við Seljadalsá sem var boruð vegna jarðgangagerðar og mun hafa staðarnúmerið 35322 (ÓL-02).



## OV-15 - Tunga

Borhola OV-15 er á norðurbakka Tunguár um 15 metra ofan við veginn sem liggur að nýja skíðasvæðinu. Hún er í lyngigróinni eyri. Holan er með loki. Holan er í góðu ástandi (28. mynd).



28. mynd. Borhola OV-15. Tunguá til vinstri og Breiðadalsgöngin í baksýn.

## OV-16 - Tunga

Borhola OV-16 er um 80 metra neðan við veginn að nýja skíðasvæðinu á Tungudal. Hún er um 100 metra ofan við húsið Valhöll. Hún er með loki. Holan er í góðu ástandi (29. mynd).



*29. mynd. Borhola OV-16 í Tungu. Húsið í baksýn er Valhöll.*

## OV-17 - Tunga

Borhola OV-17 er í garðinum við húsið Kolfinnustaði. Heitt vatn úr holunni er leitt í húsið og notað til upphitunar. Brunnur er utan um holuna og lok yfir (30. mynd).



*30. mynd. Borhola OV-17 í garðinum hjá Kolfinnustöðum.*

## OV-18 - Tunga

Borhola OV-18 er skammt ofan við gömlu Skógarbrautina en utan við Kolfinnustaði og Bræðratungu. Holan er í lúpínubreiðu og sést mjög illa. Holan er með loki og er í góðu ásigkomulagi (31. mynd).



*31. mynd. Borhola OV-18. Bræðratunga og Kolfinnustaðir í baksýn.*

## OV-19 - Tunga

Borhola OV-19 er skammt ofan og innan við Bræðratungu. Hún er þar á grasbala en sést illa vegna loðnu. Hún er með loki. Holan er í góðu ástandi (32. mynd).



32. mynd. Borhola OV-19. Bræðrabrekka í baksýn.

## OV-20 - Tunga

OV-20 er á sama svæði og TD-04 en fannst ekki og hefur líklega horfið undir borteig.

## OV-21 - Tunga

Borhola OV-21 er um 150 metra beint ofan við Bræðratungu. Hún er þar í grónu landi og sést ekki vel. Holan er með loki. Ástand hennar er mjög gott (33. mynd).



33. mynd. Borhola OV-21. Húsin í Bræðratungu í baksýn.

## OV-22 - Tunga

Borhola OV-22 fór undir borteig holu TD-05 og sést ekki lengur (34. mynd).



*34. mynd. Borhola OV-22 fór undir borteig TD-05.*

## OV-23 - Tunga

Borhola OV-23 er um 90 metra suðaustur af holu OV-21 og er upp og inn af Bræðratungu. Holan er í grónum halla en sést illa. Hún er með loki. Ástand holunnar er gott (35. mynd).



*35. mynd. Borhola OV-23. Bræðratunga í baksýn.*



## OV-24 - Tunga

Borhola OV-24 er á Skeiðinu um 125 metra norðvestur af verslunarhúsinu Ljóninu. Holan er rétt innan við malarvöllinn sem þar er. Hún er á kafi í grasi og sést illa. Holan er með loki. Hún er í góðu ástandi (36. mynd).



36. mynd. Borhola OV-24. Verslunarhúsið Ljónið í baksýn.

## OV-25 - Tunga

Borhola OV-25 finnst ekki lengur og hefir farið undir mannvirki, líklega veginn innan við verslunarhúsið Ljónið (37. mynd).



*37. mynd. Borhola OV-25 fór undir mannvirki og sést ekki lengur.*

## OV-26 - Tunga

Borhola OV-26 er á Skeiðinu sunnan við Túnguá og innan við Þjóðveginn sem liggur inn í Fjörð. Hún er um 70 metrum ofan við veginn og er farið að halla að Túnguánni. Holan sést illa í loðnunni. Hún er með loki. Hún er í góðu ástandi (38. mynd).



*38. mynd. Borhola OV-26. Túnguá rennur rétt hjá.*

## OV-27 - Tunga

Borhola OV-27 er um 35-40 metra neðan við gömlu Skógarbrautina en um 40 metra norðan við Tunguá. Skammt innan við holuna liggur vegslóði niður að Tunguá. Hóla sést mjög illa enda á kafi í gróðri. Holan er með loki. Ástand holunnar er bærilegt (39. mynd).



39. mynd. Borhola OV-27. Bræðratunga og Kolfinnustaðir í baksýn.

## OV-28 - Tunga


Borhola OV-28 er í norðurbakka Tunguár og skammt innan við vegslóðann sem liggur niður að ánni. Upp með fóðringunni streymir 25-30°C heitt vatn og myndar poll í kringum holuna. Holan er með loki. Að öðru leyti er ástand holunnar gott (40. mynd).



*40. mynd. Borhola OV-28. Tunguá er til vinstri. Horft inn dalinn.*

## OV-29A og OV-29B - Tunga

Borholur OV-29A og OV-29B eru hlið við hlið og um einn metri á milli. Hóla OV-29A misheppnaðist í borun. Hólurnar eru í mýrinni norður af Góustöðum. Hóla OV-29B er með loki. Ástand hólunnar OV-29B er þokkalegt en OV-29A er opin (41. mynd).



41. mynd. Borholur OV-29A og OV-29B. Horft í norður. Bíllinn er á bakka Tunguár.